



Númer skjals:	FMS-LBE-048
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1.1
Útgáfudags.:	02.07.2013
Síðast rýnt:	02.07.2013
Ábyrgðarmaður:	Fjármálastjóri

FMS-LBE-048 Samantekt, úrvinnsla og framsetning á magntölum

Lýsing

Eftirfarandi leiðbeiningar gilda um samantekt á magntölum í rekstri Reykjavíkurborgar og varða skilgreiningu á því hvernig viðkomandi gögn eru dregin saman:

- vegna birtingar þeirra með opinberum hætti í skýrslum og gögnum
- við útreikninga og úrvinnslu gagna

Markmið

Markmið leiðbeininganna er að tryggja að magntölur stofnana og málaflokka verði tekin saman með samræmdum hætti og þau verði samanburðarhæf á tímabil (mánuð, ársfjórðung, ár, skólaár). Markmiðið er að gögnin endurspegli veitta þjónustu á tímabilinu.

Viðmiðunarreglur:

Magntölur þjónustu

- Magntölur fyrir hvert tímabil lýsa fjölda þeirra sem nýta sér þjónustu á tímabilinu. Um er að ræða m.a. fjölda þjónustuþega sem hafa nýtt ákveðna þjónustu eða samanlagðan fjölda þjónustuþega. Magntölur miðast við:
 - Fjölda þjónustuþega síðasta dag tímabils.
 - Samanlagðan fjölda þjónustuþega hvers tímabils. Hér er átt við samanlagðan fjölda gesta, erinda, mála, fjölda sorptunna, o.s.frv.
- Þegar nýting á þjónustu skiptir höfuðmáli er tekinn meðaltalsfjöldi á hverju tímabili og nýtingin reiknuð. Þetta á m.a. við um fjölda skólabarna, leikskólabarna, fjölda barna á frístundarheimilum, fjölda á hjúkrunarheimilum og fjölda á fjárhagsaðstoð.
- Magntölur þjónustu skulu vera kyngreinanleg eftir því sem því verður við komið.

Magntölur vegna mannauðs

- Magntölur vegna mannauðs lýsa fjölda (t.d. starfsmanna, stöðugilda, stunda) m.v. skilgreind tímabil.
 - Fjöldi starfsmanna: Fjöldi starfsmanna, þ.e. kennitalna sem starfa á viðkomandi einingu, tekið út í lok tímabils.
 - Stöðugilda fjöldi: Fjöldi reiknaðra eininga sem greiddar eru að meðaltali á mánuði yfir tímabilið. Til grundvallar eru laun sem falla undir bókhaldslykla 511001 (mánaðarlaun) og 511003 (dagvinna), það eru mánaðalaun í dagvinnu og tímavinna. Greiddar reiknaðar einingar eru hlutfallið af fullu starfi yfir tímabilið þannig að starfsmaður sem er í 30% starfi og annar sem er í 70% starfi reiknast sem eitt stöðugildi. Ef báðir þessir starfsmenn starfa í 6 mánuði reiknast það sem hálf stöðugildi yfir árið. Stundakennsla og öll ræstingalaun teljast til tímavinnu en skulu umreiknast í stöðugildi. Stöðugildi ræstinga eru reiknuð með eftirfarandi hætti: Fjöldi stunda sem greiddar eru á mánuði deilt með 164,45 stundum. Önnur tímavinna hins vegar: Fjöldi stunda sem greiddar eru á mánuði deilt með 173,36 stundum.
 - Ársverk: Vinna eins manns sem vinnur 8 stundir 21,67 daga að jafnaði á mánuði allt árið eða 1,0 stöðugildi í 12 mánuði. Ársverk er fjöldi stöðugilda yfir tímabilið eitt ár. Til grundvallar eru laun sem falla undir bókhaldslykla 511001 (mánaðarlaun) og 511003 (dagvinna).

- Vinnuframlag: Vinna eins manns sem vinnur 8 stundir 21,67 daga að jafnaði í mánuði allt árið að viðbættum yfirvinnustundum eða 1,0 stöðugildi í 12 mánuði. Hver yfirvinnustund mælist sem 1/173,36 stöðugildi. Til grundvallar eru laun sem falla undir bókhaldslykla 511001 (mánaðarlaun), 511003 (dagvinna) og 511007 (yfirvinna).
- Fjöldi yfirvinnustunda: Fjöldi reiknaðra stunda sem greiddar eru í yfirvinnu yfir tímabilið. Til grundvallar eru laun sem falla undir bókhaldslykil 511007 (yfirvinna).
- Fjöldi vinnustunda með vaktaálagi: Fjöldi reiknaðra stunda sem greiddar eru í allt vaktaálag yfir tímabilið. Til grundvallar eru laun sem falla undir bókhaldslykil 511005.
- Eknir kílómetrar: Fjöldi reiknaðra kílómetra sem greiddir eru yfir tímabilið. Til grundvallar er kostnaður sem fellur undir bókhaldslykil 5150.
- Hlutfall launatengdra gjalda: Heildarkostnaður launatengdra gjalda deilt með heildarlaunum. Athugið að ekki skal reikna tryggingagjald af akstri með í þessum útreikningi. Heildarlaun eru laun sem falla undir bókhaldslykla 511001 til 511011.

Dæmi um töflu:

Lykiltölur - Svið	2008	2009	2010	2011
Fjöldi starfsmanna	200	201	206	208
Fjöldi stöðugilda	157	147	152	170
Fjöldi ársverka (fj. stöðugilda)	157	147	152	170
Vinnuframlag (fj. stöðugilda)	171	159	164	182
Fjöldi yfirvinnustunda	30.086	25.392	24.846	26.136
Fjöldi vinnustunda með vaktaálagi	22.045	20.656	20.459	17.931
Eknir kílómetrar á ári (samningar og dagbækur)	80.777	71.094	65.650	96.111
Hlutfall launatengdra gjalda	18,8%	20,7%	23,9%	24,0%

- Magntölur mannauðs skulu vera aðgengilegar og birtar miðað við eftirfarandi:
 - Bókhaldlegar upplýsingar. Þær fari saman við bókaðar launagreiðslur, þannig að rauntölur og áætlun endurspegli sama tímabil.
 - Virkni á hverju tímabili. Þ.e. fjölda starfandi eða fjöldi vinnustunda utan þeirra sem eru frá vinnu af einhverjum sökum.
- Magntölur mannauðs skulu vera kyngreinanleg eftir því sem því verður við komið.